



Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum í Hvalfjarðarsveit

1.gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir starfsfólk í leikskólanum Skýjaborg sem leggur stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum að gengnu samþykki leikskólastjóra og faghóps innan Velferðar- og fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar um styrk.

2.gr. Markmið

Markmið með reglunum er að fjölga kennurum með leyfisbréf og sérhæfingu á leikskólastigi hjá sveitarfélaginu. Jafnframt að hækka hlutfall fagmenntaðs starfsfólks í þeim tilgangi að efla faglegt starf og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í Skýjaborg.

3.gr. Styrkhæft nám

Reglur þessar gilda fyrir viðurkennt nám í leikskólakennarafræðum sem kennt er hérlendis, á bæði grunn- og meistarastigi.

4.gr. Styrkþegar og umsóknir

Umsækjandi skal vera starfsmaður í leikskólanum Skýjaborg, hafa unnið í leikskólanum í það minnsta í eitt ár og vera í að lágmarki 75% starfshlutfalli þegar sótt er um styrk. Faghópur innan Velferðar- og fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar getur veitt undanþágu frá þessum skilyrðum að fengnum rökstuðningi umsækjanda. Umsókn um styrk skal berast til velferðar- og fræðslunefndar / eða sveitarstjórnar um leið og sótt er um nám, á þar til gerðu umsóknarblaði sem finna má á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, skipulag náms, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir.

Þörf er á að endurnýja umsókn ef gert er hlé á námi eða forsendur breytast og/eða ef farið er í nýtt nám, s.s. gerður nýr samningur þegar farið er í M.Ed. úr B.Ed. námi.

5.gr. Styrkur

Sé umsókn staðfest gerir leikskólastjóri sérstakan samning um námsstyrk við viðkomandi, sem tekinn er upp árlega meðan á námi stendur. Jafnframt er leikskólastjóri upplýstur um skipulag námsins.

Styrkur við starfsmann getur aldrei orðið lengri en sem nemur 5 árum.

Þess skal getið að þeir dagar sem veittir eru til styrks til náms skulu eingöngu notaðir til að mæta í staðlotur/tímasókn, próf og/eða vettvangsnám.

Ef skólasókn er meiri en sem nemur 32 dögum á skólaárinu er gert ráð fyrir að starfsmaður semji við leikskólastjóra um tilflutning vinnuskyldu, orlof og/eða launalaust leyfi til þess að stunda námið.

Ekki er hægt að vera samtímis í námsleyfi samkvæmt kjarasamningi og á námssamningi við sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit.

Stuðningur fer eftir einingafjölda styrkþega. Fyrir hverja einingu er greitt 3.000 kr. í styrk. Hámarksstyrkur er 90.000 kr. á önn.

6.gr. Skyldur starfsmanns við vinnustað

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa í leikskólanum Skýjaborg í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur í minnst 75% starfshlutfalli. Hætti starfsmaður störfum hjá Hvalfjarðarsveit innan áðurnefnds tíma hefur Hvalfjarðarsveit heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

Falli tímar, vettvangsnám og/eða próf niður mætir starfsmaður til vinnu.

Ef sérstakar aðstæður koma upp í leikskólanum, svo sem vegna faliðunar, þá gengur starfsemi leikskólans fyrir skólasókn starfsmanns og leikskólastjóri getur krafist starfsmann um vinnuskyldu.

8.gr. Takmarkanir

Ekki er gert ráð fyrir að fleiri en 2 starfsmenn séu á námssamningi á sama tíma. Faghópur innan Velferðar- og fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Hópurinn getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi leikskólans beri ekki forföll vegna náms starfsmanna.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11.03.2026.